

SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

ÁFANGASTAÐASTOFA

Úttekt

Apríl 2024

EFNISYFITLIT

1 INNGANGUR	3
2 FRAMKVÆMD	3
3 ÁHERSLUR STJÓRNVALDA – ÁFANGASTAÐASTOFUR	4
4 ÁFANGASTAÐASTOFA Á SUÐURLANDI	5
5 ÁFANGASTAÐASTOFUR LANDSHLUTANNA	6
6 MARKAÐSSTOFA SUÐURLANDS – ÁFANGASTAÐASTOFA	10
7 FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG ÁFANGASTAÐASTOFU	18
8 NIÐURSTÖÐUR Í HNOTSKURN	20

VIÐAUKI

1 INNGANGUR

Árið 2021 var gerður samstarfssamningur á milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um rekstur áfangastaðastofu.

SASS gerði um sumarið samning við Markaðsstofu Suðurlands (MSS) um rekstur áfangastaðastofu í umboði SASS sem gildi til ársloka 2023. Bókað var á fundi stjórnar SASS á síðari hluta árs 2023 að sama fyrirkomulag yrði árið 2024 en samhliða ákvað stjórn SASS að láta vinna greiningu á því hvernig fyrirkomulagi eða rekstri Áfangastaðastofu yrði best komið fyrir á Suðurlandi.

Leitað var til Artemis ehf. um úttekt á Áfangastaðastofu í því skyni að fá hlutlaust mat á starfseminni á samningstímanum og mat á valkostum um framtíðarrekstur Áfangastaðastofu.

2 FRAMKVÆMD

Í tillögu ráðgjafa til SASS að verkefnisnálgun var gert ráð fyrir að kannað yrði hvernig starfsemi Áfangastaðastofu/Markaðsstofu (MSS) væri háttáð m.t.t. stjórnunar, rekstrar, árangurs og annarra helstu lykilþátta. Einnig yrði starfsemin borin saman við aðra álíka starfsemi í öðrum landshlutum.

Lagt var til að úttektin byggði á viðtölum við starfsfólk, fulltrúa stjórnar og aðra lykilhagaðila en jafnframt að stuðst yrði við tiltæk gögn um starfsemina.

Samkomulag var um að úttektin yrði nægjanlega nákvæm en um leið að umfangi og kostnaði yrði haldið í lágmarki.

Tekin voru trúnaðarviðtöl við 18 manns sem hafa eftirfarandi hlutverk:

- Stjórnarmenn MSS
- Starfsfólk MSS
- Kjörnir fulltrúar sveitarfélaga (bæði með aðild að MSS og ekki)
- Stjórnendur annarra áfangastaðastofa sem eru hluti af landshlutasamtökum og sjálfseignarstofnanir
- Ferðaþjónustuaðilar
- Byggðapróunarfulltrúar/ og ferðamálafulltrúar sveitarfélaga

Gögn um starfsemi MSS byggja einkum á gögnum sem aflað var hjá framkvæmastjóra MSS og aðgengilegum opinberum gögnum.

Í þessari samantekt eru birtar upplýsingar sem líta má á sem ákveðnar lykiltölur og varpi nægjanlegu ljósi á helstu atriði í starfsemi MSS.

3 ÁHERSLUR STJÓRNVALDA – ÁFANGASTAÐASTOFUR

Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa beittu sér fyrir innleiðingu áfangastaðaætlana og áfangastaðastofa á landsvísu í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Unnið er út frá aðferðafræði um stjórnun áfangastaða (e. *Destination Management*) og er áfangastaðastofa þýðing á enska hugtakinu *Destination Management Organisation* (DMO).

Árið 2021 gerði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið samstarfssamning við SASS um stofnun áfangastaðastofu á Suðurlandi.

Í forsendum samningsins er vísað til framtíðarsýnar og leiðarljóss íslenskrar ferðapjónustu til 2030 sem var unnin í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og ferðapjónustunnar. Þar er meðal annars tiltekið að áhersla skuli lögð stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um allt land árið um kring sem og að allir landshlutar njóti ávinnings af ferðapjónustu. Ýmsar aðrar áherslur eru tíundaðar en ný drög að tillögu til þingsályktunar um endurskoða ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 eru á lokametrum hjá stjórnvöldum.

Í 2. gr. samningsins segir:

„Markmið samningsins er að efla stoðkerfi ferðapjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi á starfssvæði samtakanna. Stofnun áfangastaðastofa um land allt er veigamikill þáttur í því. Til þess að valda því hlutverki sem þeim er ætlað er nauðsynlegt að byggja upp öflugar áfangastaðastofur sem búa yfir sérhæfðum mannauði, þekkingu og reynslu.

Eitt meginverkefni áfangastaðastofu er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við m.a. aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.

Áfangastaðastofa starfar því í umboði sveitarfélaga viðkomandi landsvæðis og er samstarfsvettvangur viðkomandi sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreinarinnar á því svæði.

Samningsaðilar eru sammála um að það skuli vera ákvörðun samtakanna hvernig þessu hlutverki skuli vera best sinni á starfssvæði þess.“

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk og lýst hvernig stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) hafa skilgreint hugakið áfangastaðastofa:

„Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi“.

Einnig segir í greininni að á meðal hlutverka áfangastaðastofu séu eftirfarandi verkefni sem áfangastaðastofan sinnir í samstarfi og samráði við aðra aðila sem um sömu málaflokka fara:

- Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir
- Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðapjónustu
- Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarþörf hvers landshluta
- Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum
- Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðapjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði

- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðapjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutanum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæði vegna ferðapjónustu samkvæmt samstarfssamningnum

Samkvæmt samstarfssamningnum skuldbatt SASS sig til að ákveða hvernig rekstri áfangastaðastofu yrði háttað og tilkynna ráðuneytinu.

Við stofnun áfangastaðastofunnar þurfti að liggja fyrir hvernig stjórnun yrði háttað og gerð var krafa um að starfsáætlun fyrir rekstur áfangastaðastofu yrði lögð fyrir og kynnt SASS og Ferðamálastofu.

Í 4. gr. samstarfssamningsins var bent á að áfangastaðastofa gæti verið stofnuð á grundvelli markaðsstofa eða annarra starfseininga sem til staðar væru á viðkomandi landsvæði. Einnig er þar bent á að gert sé ráð fyrir fjármögnun sé ekki eingöngu í gegnum þjónustusamning við Ferðamálastofu heldur sæki áfangastaðastofan fjármögnun til annarra aðila, s.s. stjórnvalda (ríki og sveitarfélög), fyrirtækja og með styrkjum. Áréttað er að áfangastaðastofa þurfi að byggja á samstarfi fleiri aðila en sveitarfélaga og Ferðamálastofu enda byggist hugmyndafræðin á samstarfi opinberra- og einkaaðila (*e. public-private partnership*).

Með þessari nýju nálgun að fjármögnun stjórnvalda á ferðapjónustuverkefnum í landshlutum virðist sveitarfélögum falin meiri ábyrgð og þátttaka í stefnumótun og framkvæmd en áður.

4 ÁFANGASTAÐASTOFA Á SUÐURLANDI

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ákváðu að semja við Markaðsstofu Suðurlands um rekstur áfangastaðastofu á Suðurlandi. Gerður var samningur á milli SASS og MSS til þriggja ára um að MSS starfi sem áfangastaðastofa Suðurlands í umboði SASS. Gilti hann út árið 2023 en á stjórnarfundi SASS í lok október 2023 var ákveðið að framlengja samninginn til ársloka 2024.

Í gr. 2 samningsins er fjallað um forsendur. Þar er vísað þess að SASS hafi samið við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stofnun áfangastaðastofu sem gildi frá 21. febrúar 2021 til 31. desember 2023 og á grunni þess samnings feli samtökin MSS rekstur áfangastaðastofu í landshlutanum.

Einnig er þar tilgreint að ráðuneytið muni fjármagna að hluta verkefni áfangastaðastofu með fjárfarmlögum til Ferðamálastofu og þar sem MSS muni sjá um rekstur stofunnar hafi MSS gert samning við Ferðamálastofu sem gildir frá 3. febrúar 2021 til 31. desember 2024.

Í gr. 2 kemur jafnframt fram að MSS taki að sér hlutverk áfangastaðastofu fyrir landshlutann þar sem séu 15 sveitarfélög sem öll eigi aðild að SASS. Jafnframt að MSS geri þjónustusamning við hvert sveitarfélag sem fjármagni hluta af verkefnum MSS/áfangastaðastofu fyrir hönd þeirra líkt og verið hafi.

Í gr. 5 er kveðið á um fjármögnun. Þar kemur fram að Ferðamálastofa greiði MSS fyrir verkefni áfangastaðastofu skv. samningi þar um (sbr. gr. 2). Auk fjármagnsins frá ríkinu greiði aðildarsveitarfélögin árgjald til MSS út frá þjónustusamningi sem tekur mið af íbúafjölda. Að auki greiði samstarfsfyrirtæki MSS árgjald til markaðssetningarverkefna áfangastaðastofunnar.

Í viðauka samningsins er fjallað nánar um tilgang og verkefni MSS sem finna má í samningum MSS við aðildarsveitarfélögin. Er þar útlistað hverju MSS sinnir fyrir aðildarsveitarfélögin. Í viðauka A hér að aftan er viðauki samningsins birtur.

5 ÁFANGASTAÐASTOFUR LANDSHLUTANNA

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa öll samið um rekstur áfangastaðastofa sem annað hvort er hjá landshlutasamtökunum eða hjá markaðsstofum í umboði þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir landshlutasamtökin, fjölda aðildarsveitarfélaga og íbúafjölda í upphafi árs.

Samtök	Fjöldi	Íbúafjöldi
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	7	244.177
Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum	4	30.933
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	10	17.419
Fjórðungssamband Vestfirðinga – Vestfjarðastofa	9	7.168
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	6	7.294
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar Norðurlandi eystra	10	31.552
Samband sveitarfélaga á Austurlandi - Austurbrú	4	11.085
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	15	34.076

Áfangastaðastofur eru starfandi í öllum landshlutum en á Norðurlandi er sameiginleg áfangastaðastofa fyrir bæði vestur- og austursvæði. Áfangastaðastofurnar eru ýmist sér einingar eða sameiginlegar með annarri starfsemi landshlutasamtaka en eiga samstarf á landsvísu sem markaðsstofur landshlutanna.

Markaðsstofa	Rekstrarform
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins	Sjálfsseignarstofnun
Markaðsstofa Reykjaness	SSS
Markaðsstofa Vesturlands	SSV
Markaðsstofa Vestfjarða - Vestfjarðastofa	FV
Markaðsstofa Norðurlands	Sjálfsseignarstofnun
Markaðsstofa Austurlands – Austurbrú	SSA
Markaðsstofa Suðurlands	Sjálfsseignarstofnun

Alls eru markaðsstofur landshlutanna því 7 og starfa með 61 sveitarfélagi og yfir 1000 fyrirtækjum. Þrjú sveitarfélög eru ekki með samning við markaðsstofurnar en það eru Vestmanneyjabær, Sveitarfélagið Ölfus og Kjósarhreppur.

Aðstæður í starfsumhverfi markaðsstofanna eru víða ólíkar og taka mið staðbundnum aðstæðum. Má þar nefna ólíkan fjölda ferðamanna og ferðapjónustufyrirtækja, aðgengi að ferðamannastöðum og atvinnutekjur svo fátt eitt sé nefnt. Engu að síður hafa allar þessar markaðsstofur sams konar grunnverkefni sem Ferðamálastofa hefur samið um vegna innleiðingar áfangastaðaáætlaða og áfangastaðastofa. Talsvert samstarf er á milli markaðsstofanna og koma þær saman að ýmsum verkefnum. Má þar sem dæmi nefna Mannamót markaðsstofa landshlutanna sem er árleg ferðakaupstefna en í janúar 2024 kynntu 240 aðilar þjónustu sína og þar af voru 70 af Suðurlandi.

Ferðapjónusta er ólík á milli svæða og svo er einnig um þátttöku ferðapjónustunnar í starfi markaðsstofa. Fjöldi samstarfsfyrirtækja (aðildarfyrirtækja) á Suðurlandi er um 250 og hefur farið fjölgandi. Svipaðan fjölda er að finna á Norðurlandi en annars staðar eru þau mun færri.



Fyrir utan fjárframlög frá Ferðamálastofu og sveitarfélögum hafa markaðsstofurnar möguleika á sértekjum vegna verkefnavinnu sem þau taka að sér samkvæmt samningum eða með því að sækja um innlenda eða erlenda styrki. Fjöldi starfsmanna er því breytilegur eftir því hversu umfangsmikil starfsemin er. Hjá Markaðsstofu Norðurlands eru 6 starfsmenn, hjá Markaðsstofu Reykjaness eru 2 og 4 hjá MSS svo dæmi séu tekin.




Með samningum ríkisins við landshlutasamtök um áfangastaðastofur er unnið skipulega að því að byggja upp og þróa ferðaþjónustuna í sátt við óskir íbúa og mynda öflugar einingar á nærsvæði.




Með auknu fjárframlagi ríkisins til eflingar ferðaþjónustunnar hófst vegferð Ferðamálastofu í átt að áfangastaðastofum, en strax á árinu 2017 styrktu stjórnvöld vinnu við gerð áfangastaðaáætlana.

Til að setja í samhengi ólíkar aðstæður í ferðaþjónustu eftir landshlutum, mikilvægi og áhrif á samfélagið er hér birt tafla með nokkrum stærðum fyrir landshlutana.

Eftirfarandi tölur um ferðaþjónustu fyrir árið 2022 eru af vef Samtaka ferðaþjónustunnar:







Þegar rýnt er í þessar tölur sést að ferðabjónusta á Suðurlandi er gríðarlega sterk í samanburði við önnur landsvæði og komin lengra en víðast annars staðar. Því má gera ráð fyrir að viðfangsefni MSS séu að einhverju leyti meira krefjandi en annars staðar á landinu þar sem Suðurland er í leiðandi hlutverki í ferðabjónustu á landsvísu og því áskorun að halda góðri stöðu og bæta enn frekar.

Fyrsta áfangastaðaáætlun Suðurlands var unnin af MSS og gefin út 2018 í samstarfi við íbúa og hagaðila.

MARKAÐSSTOFA SUÐURLANDS – ÁFANGASTAÐASTOFA

Markaðsstofa Suðurlands – Áfangastaðastofa (MSS) er sjálfseignarstofnun sem hefur verið starfandi frá 2008 og er í eigu eftirfarandi aðila:

Ferðamálasamtaka Suðurlands	33,3%
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga	33,3%
Visit South Iceland ehf.	16,7%
Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu	16,7%

Sex manna stjórn er skipuð tveimur fulltrúum Ferðamálasamtaka Suðurlands, tveimur fulltrúum SASS, einum fulltrúa Visit South Iceland og einum fulltrúa Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu. Formaður er úr röðum aðildarfyrirtækja ferðaþjónustunnar.

Hjá MSS eru starfandi fjórir starfsmenn. Framkvæmdastjóri og þrjú verkefnastjórar, en einn þeirra hefur að meginstarfi að sinna áfangastaðaáætlun og tengdum verkefnum en hinir tveir eru í markaðsteymi.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum á síðustu árum, m.a. lét framkvæmdastjóri af störfum eftir veikindaleyfi. Slíkt kann að hafa nokkur áhrif á jafn fámennum vinnustað og um ræðir.

Áfangastaðaáætlun

Eitt af meginverkefnum MSS er að gera áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland sem er í senn stefnumarkandi og um leið grundvallarverkfæri í starfi áfangastaðastofu. Ferðamálastofa hefur notað eftirfarandi skilgreiningu:

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Fyrsta áfangastaðaáætlun Suðurlands var gefin út 2018 og annaðist MSS umsjón með verkefninu í nánú samstarfi við hagaðila. Lagt hefur verið upp með endurskoða áætlunina ítarlegar 3. hvert ár en uppfæra hana engu að síður eftir þörfum. Endurskoðun var gerð árið 2020 en síðasta uppfærða útgáfa er frá 2023.

[Núverandi áætlun](#) er 89 blaðsíður í PDF útgáfu. Stefnt er að vefútgáfu á árinu 2024.

Þegar áfangastaðaáætlanir annarra landshluta eru skoðaðar kemur í ljós að nálgun og framsetning þeirra er á marga vegu. Í þeim samanburði virðist áfangastaðaætlun Suðurlands vel og faglega unnin.

Áform um frekari vinnu með áfangastaðaáætlun í starfsáætlun 2024 virðast metnaðarfull og vel skipulögð. Eru þar dregin sérstaklega fram forgangsverkefni.

Dæmi eru um metnaðarfull verkefni á undanförunum árum sem styrkja Suðurland sem áfangastað og má þar nefna Vitaleiðina og Eldfjallaleiðina sem bæði voru áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands.

Slík verkefni eru umfangsmikil og krefjast samráðs og aðkomu ýmissa hagaðila og er þar samvinna við sveitarfélög mikilvægur þáttur enda um að ræða verkefni sem ganga þvert á mörg sveitarfélög.

Í viðauka við áfangastaðaáætlun er að finna yfirlit yfir áherslustaði sem sveitarfélög hafa valið í samráði við landeigendur og hagaðila til að efla sem áfangastaði ferðamanna. Markaðsstofan heldur utan um þessa vinnu og nýtur þar samstarfs við faghóp sveitarfélaganna sem tengiliðs við sveitarfélögin. Faghópurinn hefur reynt vel í þessari vinnu og almennt sem tengiliðir við sveitarfélög.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitir styrki sem m.a. er ætlað að styðja við svæðisbundna þróun. Til að styðja við það markmið njóta verkefni sem eru tilgreind í gildandi áfangastaðaáætlun (eða aðgerðaráætlun) fleiri stig en annars þegar umsóknir eru metnar. Fyrir hvert sveitarfélag er því mikilvægt að setja inn á lista staði og lýsa verkefnum en einnig skiptir miklu máli að faglega sé haldið utan um slíkt hjá MSS og virðist svo vera.

Einnig eru þrír aðrir viðaukar þar sem dregin er upp mynd af áhugaverðum svæðum, þ.e. Gullna hrings svæðinu, Kötlum jarðvangi og Vestmannaeyjum og Ríki Vatnajökuls.

Ein ábending er samt sett hér fram um áfangastaðaáætlunina sem er þó ekki veigamikil og mögulega smekksatriði. Þar sem lesendur og notendur eru fjölmargir er mikilvægt að auðvelt sé að ná góðum skilningi sem mögulega væri auðveldari með einföldun á framsetningu efnis. Í áætluninni eru tiltekin mörg módel og hugtök sem fólki í innsta kjarna eru örugglega töm en mögulegt er að einhverjum þyki þetta flókið og erfitt að skilja.

Þessi sama ábending getur einnig snúið að starfsáætlunum og öðru efni frá MSS sem mögulega mætti einfalda til aflestrar.

Starfsáætlun

Stefnumótun tekur að miklu leyti mið af áfangastaðaáætlun og er útfærð fyrst og fremst í árlegri starfsáætlun. Því má líta svo á að starfsáætlunin sé lykilverkfæri í að koma áfangastaðaáætluninni í framkvæmd í hentugum skrefum sem hefur verið forgangsraðað.

Stjórn MSS fjallar um starfsáætlun og samþykkir og einnig er hún borin undir Ferðamálastofu. Því er um að ræða góða rýni frá tveimur áttum sem ætti að tryggja að öll aðalatriði komist á dagskrá.

Ekki er annað að sjá en framvinda verkefna sé almennt séð í takt við starfsáætlun án þess að ítarleg greining á verkefnum hafi verið gerð til að styðja þá skoðun.

Ástæða er til að hrósa vinnu með starfsáætlun m.t.t. áfangastaðaáætlunar. Engu að síður gæti verið tækifæri til að taka innri verkefni meira inn í starfsáætlunina en gert er nú. Dæmi um slíkt gæti verið innri þróunarverkefni um fræðslu, gæðamál, ferlavinnu eða fjárfesting í nýjum tæknilausnum sem skapa tækifæri í starfsemi.

Starfsáætlunin 2024 er sett fram á 11 bls. Tækifæri er til að einfalda framsetningu og draga fram aðalatriði frekar en að lýsa líkönum, aðferðafræði og upplýsingum sem fyrir liggja annars staðar og hafa jafnvel ekki breyst í mörg ár. Mögulega mætti sleppa fyrstu 5 blaðsíðum og myndum, t.d. þeim dæmum sem eru hér að neðan og sýna annars vegar hagsmunaaðila (breytist lítið ár frá ári) og hring sem sýnir yfirlit yfir markaðsmál og hversu viðamikil starfsemi er.

Í ljósi tengsla og samskipta MSS við fjölda hagsmunaaðila má gera ráð fyrir að aðgengi að fundargerðum skipti miklu máli. Þótt fundargerðir séu skýrar og vel settar fram er hér bent á mikilvægi þess að ekki líði of langur tími frá fundi fram að dreifingu. Slíkt var raunin þegar ráðgjafi óskaði eftir fundargerðum ársins í lok mars en á þeim tímapunkti voru engar fundargerðir útgefnar og birtar á vef.

Stýrihópur

Í samningum SASS við MSS um áfangastaðastofu var gert ráð fyrir stýrihópi. Sá hópur var virkur fyrst í stað en lagðist svo af einkum vegna Covid ástands og veikinda framkvæmdastjóra.

Ekki er endilega talin þörf á slíkum stýrihóp í dag en að hluta til var um að ræða tvöfalda vinnu sem litlu skilaði. Með góðri upplýsingagjöf og samvinnu aðila er talið mega sleppa verkefnum stýrihópsins.

Rekstur

Á árunum 2019-2023 hafa tekjur, gjöld og afkoma verið eftirfarandi (um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2023*).

	2023*	2022	2021	2020	2019
Rekstartekjur					
Seld þjónusta	13.636.100	13.334.100	11.090.000	12.462.000	14.398.391
Framlög og styrkir	49.497.635	54.039.903	54.910.085	72.313.694	56.039.322
Aðrar tekjur	2.514.202	-	1.885.312	-	-
	65.647.937	67.374.003	67.885.397	84.775.694	70.437.713
Rekstrargjöld					
Laun og annar starfsmannakostnaður	45.935.737	50.382.556	48.934.839	48.066.553	47.714.602
Annar rekstrarkostnaður	16.846.233	18.859.378	12.169.714	33.202.017	26.418.093
	62.781.970	69.241.934	61.104.553	81.268.570	74.132.695
Hagnaður/-tap fyrir fjármagnsliði	2.865.967	-1.867.931	6.780.844	3.507.124	-3.694.982

Hafa þarf í huga að um er að ræða tímabil þar sem Covid heimsfaraldur geysaði.

Framlög og styrkir eru uppistaða í tekjum á tímabilinu og áhugavert að skoða þróun m.t.t. ríkis og sveitarfélaga (hlutfall af heildartekjum árs).

	2023	2022	2021	2020	2019
Ríkið	38.000.000	38.000.000	38.000.000	39.357.037	31.605.000
Sveitarfélög	9.791.499	11.627.631	11.385.549	15.856.657	15.627.861
Ríkið	58%	56%	56%	46%	45%
Sveitarfélög	15%	17%	17%	19%	22%
	73%	74%	73%	65%	67%


Sveitarfélög greiða 430 kr./íbúa á ári og er gert ráð fyrir að framlag sveitarfélaga 2024 verði um 11,5 m.kr. Ef öll sveitarfélög á Suðurlandi væru með samning næmi upphæðin um 14,5 m.kr.

Samanborið við fyrri ár virðist kostnaður ekki hár og athyglisvert að sjá að launakostnaður hefur lækkað frá fyrri árum.


Könnun á meðal samstarfsfyrirtækja

MSS gerði viðhorfskönnun á meðal samstarfsfyrirtækja í lok árs 2023 og bárust svör frá 48 aðilum. Ýmislegt var kannað sem ekki verður fjallað um hér en valdar tvær spurningar sem geta gefið vísbendingu árangur í þjónustu og samstarfi.

Spurt var um ánægju með starfsemi en ánægjuhlutfall er 69% og eru 10% óánægðir. Ekki er spurt um ánægju með þjónustu heldur starfsemi og því má túlka á ýmsa vegu hvað lá til grundvallar svarinu.



Spurt var um samskipti við markaðsstofuna en ánægjuhlutfall er 79% og eru 6% neikvæðir.



Það er jákvætt að gerð sé könnun á meðal samstarfsfyrirtækja og má líta á niðurstöðurnar sem ágætar vísbendingar um árangur en svarhlutfall er hins vegar lágt þar sem samstarfsfyrirtæki eru um 230.

Ekki liggja fyrir niðurstöður úr sambærilegum spurningum úr fyrri könnunum og því óljóst hver þróunin er frá fyrri árum. Ekki er heldur hægt að gera samanburð við aðrar markaðsstofur af sömu ástæðum og því óljóst hvort staðan er betri eða verri en hjá öðrum í sambærilegri starfsemi.

Telja verður mikilvægt að gera kannanir reglubundið og sérstaklega að eiga kost á samanburði með sambærilegum spurningum.

Einnig var gerð könnun hjá sveitarfélögum og bárust svör frá 8 af 15. Niðurstöður eru í textaformi og því ekki auðvelt að túlka og birta niðurstöður. Upplýsingarnar geta hins vegar reynst dýrmætari og gefa tækifæri á að bregðast við því sem miður getur farið eða staðfest góðan árangur.

Kannanir geta verið mikilvæg hjálpartæki í rekstri og því tækifæri fyrir MSS að skipuleggja hvernig kannanir nýtast starfseminni sem best.

Heimsóknir á vef og samfélagsmiðlar

Fylgst er með heimsóknum á vef og samfélagsmiðlum og eru til tölur fyrir síðustu fjögur ár til samanburðar.

Árið 2023 voru 233 þ. notendur á www.south.is eða um 600 á dag. Innlit voru 310 þ. sem er fjölgunum 6,5% frá fyrra ári. Flettingar voru 665 þ. sem er 3,6% fjölgun.

Myndirnar sýna þróun á instagram og facebook. Grænar tölur sýna jákvæða þróun en rauðar neikvæða.

Visit South Iceland

	31. des 2023	31. des 2022	31. des 2021	31. des 2020
Fylgjendur	14500	11786	9134	6531
Breyting/Vöxtur (%)	+23,03%	+29%	+39,9%	+91%

	2023	2022	2021	2020
Fjöldi færslna	500	350	181	305
Breyting/Vöxtur (%)	+129,4%	+93,4%	-40,7%	+196,1%

	2023	2022
Reach	132.000	633.700
Breyting/Vöxtur (%)	-79,20%	

Visit South Iceland

	31. des 2023	31. des 2022	31. des 2021	31. des 2020
Fylgjendur	17.636	16.796	15.395	14.961
Breyting/Vöxtur (%)	+5%	+9,1%	+3%	+3%

	2023	2022	2021
Reach	818.400	456.800	228.400
Breyting/Vöxtur (%)	+79,1%	100%	

	2023	2022	2021	2020
Fjöldi færslna	289	324	220	92
Breyting/Vöxtur (%)	-12,7%	+47,3%	+139%	-18,6%

Æskileg væri að hafa samanburð við aðrar markaðsstofur um slíkar lykiltölur, en jákvætt að fylgst er vel með þessum upplýsingum.

Sýn viðmælenda á MSS/Áfangastaðastofu

Í viðtölum ráðgjafa var rætt við fjölda fólks sem á einhvern hátt tengist MSS og ferðaþjónustu og var leitað eftir skoðunum varðandi ýmsa þætti í starfsemi og umhverfi hennar. Um er að ræða skoðanir viðmælenda og upplifun frekar heldur en tölulegar eða skjalfestar sannanir og var um trúnaðarsamtöl að ræða. Sumir viðmælenda hafa tekið þátt í starfi MSS sem starfsmenn, stjórnarmenn eða samstarfsaðilar í sveitarfélögum en aðrir sem kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eða ferðaþjónustufyrirtæki sem fær þjónustu frá MSS. Stundum voru viðmælendur í fleiri hlutverkum en einu.

Reynt var að fá fram viðhorf margra úr sem flestum áttum. Samhljómur var um margt en einnig er ljóst að skoðanir eru skiptar á ýmsu. Ekki verður fjallað um allt heldur dregin fram aðalatriði sem túlka má sem jákvæð eða neikvæð.

Á heildina litið voru álit viðmælenda samt jákvæð að flestu leyti og fáir neikvæðir í garð markaðsstofunnar sem slíkrar. Engu að síður var bent á atriði sem væri æskilegt að bæta til að gera starfsemi MSS enn betri.

Jákvæð atriði:

- > MSS er að standa sig vel.
- > Markaðsstofan er talin gera góða hluti samanborið við aðrar markaðsstofur, ein af þeim sem best stendur sig.
- > Vinna við áfangastaðaáætlun hefur tekist vel og vel haldið utan um, fagleg vinna.
- > Jákvætt að áfangastaðastofa sé starfandi á Suðurlandi og hún skiptir máli fyrir sveitarfélögin.
- > Samstarf við ferðaþjónustufyrirtæki gengur vel.
- > Samstarfsfyrirtæki geta leitað eftir aðstoð í markaðsmálum og fá úrlausn.
- > Þróun síðustu ára hefur verið jákvæð.
- > Stjórnun og rekstur gengur ágætlega.
- > Þekking og reynsla starfsfólks á viðfangsefnum er góð.
- > Stærð og starfsmannafjöldi er talinn hæfilegur fyrir þau verkefni sem sinnt er.
- > Verkefni tengd áfangastaðastofu ganga vel og koma vel út.
- > Markaðsefni á vef og aðgangur að efni góður.
- > Samstarf við markaðsstofur landshlutanna gengur vel og hefur nýst í starfsemi MSS.
- > Faghópur ferðaþjónustunnar er öflugur og virkar vel, gott samtal.
- > Ferðaþjónustufyrirtækin virkur þátttakandi með MSS sem er mun minna í öðrum landshlutum.
- > Nýlega endurvaktir félagsfundir (spjallfundir, fagfundir) fyrir samstarfsfyrirtæki hafa heppnast vel og fá jákvæða dóma hjá þátttakendum.

Ekki eins jákvæð atriði:

- > Erfið samskipti ýmissa hagaðila við MSS frá fyrri árum hafa enn áhrif á upplifun þeirra af starfseminni í dag sem gerir stöðu markaðsstofunnar erfiðari en þörf væri á.
- > Umræður um stöðu og framtíð MSS hafa tekið orku frá stjórnendum og búið til núning í samskiptum, en þrátt fyrir breytingar í starfsmannahóp virðast gamlar hefðir og andi ríkja að einhverju leyti enn.
- > Gagnrýni á störf MSS er ekki vel tekið af starfsfólki sem myndar óþarfa fjarlægð á milli MSS og ákveðinna hagaðila einkum í stjórnsýslunni.
- > Þrátt fyrir að fjármögnun markaðsstofunnar sé á höndum SASS, sem jafnframt er einn aðaleigandi hennar, virðist sem hagaðilum í ferðaþjónustu sé sýndur meiri áhugi og forgangsraðað framur.
- > Sumir hagaðilar eiga erfitt með að skilja hvað áfangastaðastofan / markaðsstofan gerir og hvaða virði hún færir þeim í ferðaþjónustu.
- > Skýra mætti betur hvaða verkefni snúa að áfangastaðastofunni og hvaða verkefni tilheyra markaðs- og kynningarmálum sem ekki eru hluti af áfangastaðastofu.
- > Erfitt hefur reynst að upplýsa sveitarfélög og kjörna fulltrúa (sem eru oft nýir) um starfsemi og hlutverk MSS, en þrátt fyrir að slík upplýsingar taki tíma er talið að tengsl og skilningur á milli MSS

og sveitarfélaga skipti höfuðmáli fyrir starfsemi MSS og því þurfi meira frumkvæði frá markaðsstofunni.

- > Það að sveitarfélög ákveði að gera ekki samning við MSS um verkefni áfangastaðastofu / markaðsstofu hefur ekki bara áhrif á tekjur og þar með getu til að sinna umsömdum verkefnum heldur skapar það einnig óheppilega óvissu um stöðu MSS.

Samantekt um Markaðsstofu Suðurlands - Áfangastaðastofu

Eftir að hafa skoðað gögn og upplýsingar og rætt við lykilaðila sem tengjast MSS er eftirfarandi mat sett fram.

- Ekki verður annað séð en að MSS hafi sinnt þeim verkefnum Áfangastaðastofu sem um var samið 2021 þrýðilega, þrátt fyrir áhrif Covid og að skipt hafi verið um framkvæmdastjóra.
- Vísbendingar eru um að rekstur sé í ágætu jafnvægi og afkoma síðasta árs er jákvæð. Óvissa ríkir þó um framlög sveitarfélaga sem getur haft áhrif á starfsemina.
- Áfangastaðaáætlun og tengdum verkefnum virðist vel sinnt og faglega.
- Önnur starfsemi MSS sem fellur ekki undir áfangastaðastofu fær einnig góða dóma og virðast ferðapjónustufyrirtæki ánægð með þá þjónustu.
- Kröfur til MSS eru mögulega meiri en í öðrum landshlutum vegna umfangs og þroska ferðapjónustunnar á Suðurlandi og því er mikilvægt að starfsemin nái að þróist í takt við vöxt og eflingu ferðapjónustunnar.
- Stjórnendur innan markaðsstofa landshlutanna og annarra landshlutasamtaka sveitarfélaga telja að MSS sé á meðal þeirra fremstu hér á landi.
- Önnur verkefni sem tilheyra samningi um áfangastaðastofu virðast einnig vel unnin tengsl við ferðapjónustuna góð.

Engu að síður má sjá ýmis tækifæri fyrir MSS til að gera betur og er því bent hér að nokkur þeirra.

- Útbúa einfalda kynningu á starfsemi og þjónustu MSS til að auðvelda skilning ytri aðila og þá sérstaklega sveitarfélaganna.
- Forðast að hafa of mikið efni, of mörg hugtök og mörg aðferðafræðimódel á kynningum fyrir leikmenn.
- Endurhugsa og skilgreina verkefni áfangastaðastofu og önnur verkefni markaðstofunnar og útskýra fyrir hagaðilum eins og þarf.
- Sýna meira frumkvæði í samskiptum og kynningum fyrir sveitarfélög.
- Greina þarfir hagsmunaaðila MSS og skipuleggja upplýsingagjöf, samskipti og forgang út frá þörfum og stöðu þeirra.
- Einfalda starfsáætlanir og skilgreina helstu árangursmælikvarða fyrir starfsemina til að fylgjast með árangri m.t.t. markmiða og vakta þróun.
- Tryggja betur samþættingu í starfi MSS og Sóknaráætlunar Suðurlands.

FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG ÁFANGASTAÐASTOFU

Nokkur umræða hefur átt sér stað á milli sveitarfélaga innan SASS um starfsemi MSS og samning um rekstur áfangastaðastofu. Sveitarfélögin eru 15 og því eðlilegt að umræður eigi sér stað um sameiginleg mál og hvernig þeim er best komið fyrir.

Samanborið við önnur landshlutasamtök er staðan innan SASS óvenjuleg þar sem þrjú sveitarfélög eru eða hafa nýlega verið án samninga við MSS. Á öllu landinu eru 64 sveitarfélög af öllum stærðum og gerðum sem búa við ólíkar aðstæður en engu að síður eru eingöngu 3 þeirra sem eru án samstarfssamnings við markaðsstofur. Tvö eru innan SASS en auk þeirra er Kjósarhreppur utan við nýlega stofnaða Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Af þeim sjö áfangastaðastofum sem eru starfandi á landinu eru fjórar reknar af landshlutasamtökum, þ.e. á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og Austurlandi. Hinar þrjár eru reknar sem sjálfstæðar einingar, þ.e. á Höfuðborgarsvæði, Norðurlandi (sameiginlega fyrir tvö landshlutasamtök) og Suðurlandi.

Óskað var eftir því að skoðaðir yrðu valkostir fyrir rekstur áfangastofu eftir að samningur rennur út í árslok og lagt mat á fýsileika þeirra fyrir SASS. Hér er því stillt upp þremur valkostum og fjallað um helstu kosti og galla.

Valkostur A: Markaðsstofa Suðurlands annist rekstur áfangastaðastofu

Hér er gert ráð fyrir að samningur um rekstur áfangastaðastofu yrði endurnýjaður. Í þeim samningum er mögulegt að skerpa á kröfum um betri upplýsingar, meira samráð, árangursvísa o.þ.h.

Helstu kostir

- Verkefnum áfangastaðastofu er sinnt af fagfólki sem hefur bæði góða þekkingu og reynslu af slíkum verkefnum
- Á undanförunum árum hefur tekist vel til að sinna verkefnum áfangastofu hjá MSS þegar á heildina er litið og má leiða líkum að því að svo yrði áfram
- MSS er í góðum tengslum við notendur þjónustunnar (public-private partnership)
- SASS hefur ágæta aðkomu að rekstri MSS sem eigandi og með tvo fulltrúa í stjórn

Helstu ókostir:

- Aðkoma SASS að málefnum áfangastaðastofu er minni heldur en ef SASS sæi sjálft um rekstur áfangastaðastofu
- Áhrif SSASS gætu verið of lítil ef ekki eru gerðir samningar sem tryggja að SASS hafi næg áhrif og upplýsingar um starfsemi
- Í óbreyttri mynd yrði ójafnvægi í stjórn MSS þar sem stærstur hluti fjármagns er frá opinberum aðilum sem gera væntanlega kröfur um gagnsæja og vandaða stjórnsýslu
- Í óbreyttri mynd má gera ráð fyrir að áhrif notenda þjónustunnar innan MSS yrðu of mikil á kostnað opinberra aðila (public-private)

Valkostur B: SASS reki sjálfst áfangastaðastofu án þátttöku MSS

Hér er gert ráð fyrir því að SASS kjósi að byggja upp áfangastaðastofu innan SASS án aðkomu MSS. Í því felst að ráða þyrfti starfsfólk til að sinna þeim verkefnum sem samningur við ráðuneytið kveður á um.

Helstu kostir

- Áhætta í lágmarki hvað varðar útfærslu þjónustunnar þar sem stefnumörkun og útfærsla þjónustunnar yrði á höndum SASS
- Aðkoma ríkis og sveitarfélaga sem fjármögnunaraðila er góð
- Til lengri tíma er mögulegt að stækkun SASS geti til hagræðingar með auknum sveigjanleika og samlegðaráhrifum í starfsemi samtakanna sem og meiri samþættingu við Sóknaráætlun Suðurlands
- Breytingar á starfsemi SASS með fleiri verkefnum og fólki gætu leitt til nýsköpunar í skipulagi og rekstri SASS

Helstu ókostir:

- SASS er í minni tengslum við ferðaþjónustuna en MSS og því hætta á að verkefni áfangastaðastofu yrðu of fjarlæg notendum þjónustunnar
- Líklegt er að breytingarnar myndu valda óánægju hjá ferðaþjónustuaðilum
- Gera má ráð fyrir að þær breytingar á starfsemi SASS sem ráðast þarf í til að bæta við verkefnum áfangastaðastofu geti tekið tíma í innleiðingu og því hætta á að þjónusta yrði ekki næg eða skilvirk í upphafi
- Gera má ráð fyrir að breytingarnar leiði til aukins kostnaðar í upphafi og einnig kann að reynast dýrara að reka áfangastaðastofuna sem afmarkaða einingu heldur en innan stærri einingar með meiri breidd í verkefnum tengdum ferðaþjónustu
- Hætta er á að vinna við áfangastaðaáætlun og önnur verkefni áfangastaðastofu verði ekki eins fagleg og nú er
- Óljóst hvort áhrif af aukinni starfsemi á þjónustu SASS í öðrum verkefnum yrðu jákvæð – ákveðin áhætta getur fylgt jafn stóru verkefni
- Hugsanlegt er að snerpa og viðbragðshraði yrði minni en í valkosti A

Valkostur C: MSS verði hluti af SASS

Til að þessi valkostur geti orðið að veru leika yrðu aðilar sem ráða MSS að vera tilbúnir að samþætta starfsemina með SASS.

Helstu kostir

- Minni óvissa um starfsemina sem yrði alfarið á vegum SASS
- Aðkoma ríkis og sveitarfélaga sem fjármögnunaraðila er góð
- Ákveðin samlegðaráhrif gætu orðið í þjónustu SASS með nýju skipulagi og breikkun þjónustu
- Samningsstaða SASS er sterk til að koma breytingum á og fylgja eftir

Helstu ókostir

- Óljóst hvort eigendur MSS eru tilbúnir í slíkar breytingar
- Óljóst hvort núverandi starfsfólk MSS yrði tilbúið að starfa fyrir SASS
- Ef breytingar yrðu keyrðar í gegn í ósætti við MSS í krafti stærðar er líklegt að slíkt hefði áhrif á rekstur áfangastaðastofunnar og mögulega á aðra þjónustu SASS
- Mögulegt er að sveigjanleiki og snerpa í þjónustu yrði minni en verið hefur hjá MSS vegna flóknara stjórnskipulags
- Hætta á að aðkoma notenda þjónustunnar yrði talsvert minni (public-private)

Þessir valkostir voru skoðaðir árið 2021 áður en gengið var til samninga við MSS og var niðurstaðan sú að valkostur A væri líklegastur til árangurs út frá verkefnum áfangastaðastofu.

Á samningstímanum hefur MSS sinnt verkefnum áfangastaðastofu þannig að nú er unnt að meta kosti og galla betur en þá var gert í ljósi reynslunnar, einkum valkost A.

Þegar litið er til þess að framkvæmd samningsins um áfangastaðastofu virðist hafa tekist vel á heildina litið er erfitt að komast að annarri niðurstöðu að þessu sinni. Í ljósi reynslunnar ætti að vera minni óvissa um að vel takist til með framhald á valkosti A.

Við mat á hinum tveimur valkostunum er einkum tvennt sem stendur upp úr. Ef valkostur B yrði valinn er hætt á að verkefnið verði of einangrað án tengsla við önnur markaðsmál og ferðþjónustu. Ef valkostur C yrði valinn er líklegt að fjarlægð á milli notenda þjónustunnar og áfangastaðastofu yrði of mikill.

Hér er eingöngu horft á það afmarkaða verkefni að sinna hlutverki áfangastaðastofu á Suðurlandi.

Valkostur A sem gerir ráð fyrir að MSS annist rekstur áfangastofu áfram er hér talinn besti kosturinn.

NIÐURSTÖÐUR Í HNOTSKURN

Markaðsstofa Suðurlands hefur annast rekstur áfangastaðastofu fyrir SASS í þrjú ár og sýna gögn fram á að starfsemin gangi almennt vel. Er það jafnframt mat flestra viðmælenda.

Bent hefur verið á að bæta megi samskipti MSS við hagaðila og er eðlilegt að gera þá kröfu til stjórnenda og starfsfólks að ráðast í þá vinnu nú þegar. Ekki hvað síst gagnvart sveitarfélögum og SASS sem eru stórir eigendur MSS og samningsaðili um áfangastaðastofu fyrir hönd ríkisins (Ferðamálastofu). Góð samskipti og markviss upplýsingamiðlun eru forsenda góðrar samvinnu á milli þessara aðila.

Að mati ráðgjafa þurfa að vera sterk rök fyrir því að endurnýja ekki samning við MSS um rekstur áfangastaðastofu þar sem þekking og reynsla er til staðar og tenging við ferðþjónustuna öflug.

Ef samningar SASS og MSS um rekstur áfangastaðastofu verða endurnýjaðir gefst tækifæri til að hnykkja betur á atriðum sem valdið hafa þirringi og talið er að þurfi laga.

VIÐAUKI A

Viðauki - Nánar um tilgang og verkefni MSS (úr samningi SASS og MSS um áfangastaðastofu 2021)

- Markaðsstofa Suðurlands er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Suðurlandi um ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins í heild.
- Markaðsstofan vinnur að öflugum markaðsstarfi á áfangastaðnum Suðurlandi með sérstaka áherslu á að laða gesti inn til landshlutans með það að markmiði að auka lengd dvalar og þar með tekjur á Suðurlandi. Til grundvallar starfseminni liggur Áfangastaðaáætlun sem tiltekur framtíðarsýn Suðurlands í ferðaþjónustu, markaðslega aðgreiningu og áherslur sem og verkefnaáherslur MSS.
- MSS vinnur með sveitarfélögum á Suðurlandi að stefnumótun fyrir Suðurland sem áfangastað og veitir sveitarfélögunum aðstoð í stefnumótun og markaðssetningu eftir nánara samkomulagi. Á það einnig við um aðstoð við gerð umsókna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- MSS annast almenna markaðssetningu Suðurlands með gerð og dreifingu vandaðs kynningarefnis fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og ferðaheildsala, ásamt því að halda úti opinberri vefsíðu landshlutans (www.south.is / www.sudurland.is). Vefsíðunni er ætlað að gefa raunsanna mynd af ferða- og afþreyingarmöguleikum, gistingu og veitingum á svæðinu ásamt því að koma á framfæri áhugaverðum stöðum innan landshlutans.
- MSS kynnir svæðið í öðru kynningarefni s.s. kynningarbæklingum, samfélagsmiðlum ásamt ýmsum öðrum leiðum s.s. á ferðasölusýningum, hér heima og erlendis. Þá stendur Markaðsstofan, ásamt markaðsstofum landshlutanna, árlega að einni stærstu ferðasýningu á landinu, Mannamóti markaðsstofa landshlutanna. Markmiðið er að kynna ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, móttöku blaðamanna sem og innlendra og erlendra ferðasala sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurland.
- MSS hefur umsjón með helstu samstarfsverkefnum markaðs- og kynningarmála og er í samstarfi við þá aðila sem sinna slíkum verkefnum innan landshlutans s.s. faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum. Einnig við erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, flugfélög, Ferðamálastofu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Íslandsstofu, Höfuðborgarstofu, SAF, markaðsstofur landshlutanna og aðra samstarfsaðila á þessu sviði.
- MSS kemur að og hefur frumkvæði og umsjón með ýmsum nýsköpunar og þróunarverkefnum tengdum áfangastaðnum og upplifun ferðamannsins. Má þar nefna verkefni um ferðaleiðir, samræmda ímynd og ásýnd og fleiri.
- MSS sendir reglulega tengilið sveitarfélagsins, samstarfsaðilum og fjölmiðlum fréttabréf til upplýsingar um verkefnin og starfsemina.
- MSS heldur aðalfund fyrir 30. maí ár hvert. Á aðalfundi skal MSS skila skýrslu um starfsemi félagsins ásamt ársreikningi næsta árs á undan.